

Jákvæður agi veturinn 2021 – 2022

Fulltrúar kennara í nefndinni:

Sigríður Sigmundsdóttir

Sólveig Jónsdóttir tók við af Ólöfu Þuríði Gunnarsdóttur um áramót

Fulltrúi annars starfsfólks:

Ingunn Guðbjörnsdóttir

Fulltrúi foreldra:

Eydís Elva Eymundsdóttir

Einu sinni í viku var tími á stundaskránni merktur jákvæðum aga, sem við notuðum til að skipuleggja vetrarstarfið.

Fyrsta verkefni vetrarins var samskiptafærni – virka hlustun. Nemendum var skipt í pör og sátu þeir á móti hvor öðrum. Fyrsta æfingin var að hver nemandi átti að segja þeim sem sat á móti honum, frá einhverju merkilegu, þannig að allir töluðu í einu og enginn hlustaði. Úr þessu varð nokkur hávaði og áreiti og ræddum við, við nemendur upplifun þeirra af þessu. Öllum nemendum fannst þetta mjög óþægilegt.

Önnur æfingin var að nú átti annar aðili parsins að tala og hinn að sýna virka hlustun með því að spyrja spurninga. Nemendum leið mikið betur eftir þessa æfingu.

Áður en þriðja æfingin byrjaði var annar helmingur nemenda tekin afsíðis og sagt að þeir ættu ekki að hlusta á hinn aðila parsins heldur hunsu það sem hann var að segja. Eftir þessa æfingu sögðu þeir sem töluðu að það hefði verið óþægilegt að ekki væri hlustað á þá. Þeir sem áttu að hlusta voru mjög einbeittir að hlusta ekki.

Þessar æfingar tókust mjög vel og vonandi hefur hún skilað einhverju til nemendanna um virka hlustun.

Í byrjun seinni annar útbjuggum við lyklakippur fyrir alla starfsmenn. Á þessum lyklakippum eru plöstuð spjöld með orðfæri og orðtaki úr uppeldisstefnunni jákvæðum aga og eru þær til að minna okkur hugmyndafræðina.

Starfsfólki til áminningar um stefnunnar settum við upp spjöld í stigagangi kennarahlutans. Á þessum spjöldum stóð:

Okkur gengur betur þegar okkur líður betur.

Mistök eru frábært tækifæri til að læra.

Jákvæður agi er að sýna góðvild og festu á sama tíma.

Seinni hluta annarinnar unnum við með lausnir með nemendum. Við skiptum nemendum 2. – 7. bekkjar í hópa. En nemendur 9. og 10. bekkjar fengu tvær klípusögur til að leika fyrir hópana og áttu einnig að finna lausnir og sýna þær. Eftir það báðum við hópana að ræða hvað gæti orsakað hegðunina, sem koma fram í hlutverkaleiknum, og koma með hugsanlegar lausnir. Hóparnir fengu að spyrja eldri nemendurna um ástæður hegðunarinnar, sem þeir sýndu. Voru þeir duglegir og svöruðu mjög skynsamlega. Hóparnir komu með ýmsar mögulegar ástæður fyrir hegðuninni sem sýnd var og gekk þetta mjög vel.

Í vetur settum við gullkorn úr jákvæðum aga í fréttabréf skólans.

Ingunn Guðbjörnsdóttir

Sigríður Sigmundsdóttir

Sólveig Jónsdóttir